



Iðnaðarráðuneytið  
b.t. Erla Sigríður Gestsdóttir  
Arnarhváli  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. júlí 2012

### **Efni: Samráðsferli nefndar sem skal móta stefnu um lagningu raflína í jörð**

Samtök iðnaðarins óska eftir að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við nefnd sem skal móta stefnu um lagningu raflína í jörð í opnu samráðsferli sem nú er í gangi, sbr. frétt á vefsíðu iðnaðarráðuneytis dagsett þann 19. júní sl.

Samtökin fagna því að nefndin skoði kosti og galla þess að leggja raflínur í jörð og móti stefnu á því sviði. Mikilvægt er að taka saman staðreyndir í málinu og finna skynsama leið í ljósi umhverfis-, samfélagslegra- og efnahagslegra sjónarmiða.

Félagsmenn innan Samtaka iðnaðarins kaupa stóran hluta af raforku sem framleidd er í landinu. Mörg fyrirtækin eiga það sameiginlegt að raforkureikningurinn er mikilvæg stærð í bókhaldi fyrirtækjanna, t.d. stóriðja, matvælaframleiðsla, gagnaver, prentiðnaður, málmsteypur, plastframleiðsla og önnur iðnframleiðsla. Kostnaður við flutning á orku hefur veruleg áhrif á rekstrarumhverfi þeirra.

Í kynningarefni frá fundi nefndarinnar kemur fram að kostnaður við lagningu og rekstur raflína í jörð sé umtalsvert meiri en hefðbundnar leiðir. Flutningskostnaður, sem þegar er hár á Íslandi, getur því hækkað verulega. Fyrir vikið mun samkeppnishæfni iðnaðar á Íslandi skaðast og kostnaður almennra notenda hækka. Minnt er á að héraendis er hlutur flutnings- og dreifingarkostnaðar af heildarverði raforku mun meiri en í nágrannalöndum og hækkanir á flutningshluta orkunnar íþyngjandi. Ekki er samkeppni í flutningi og dreifingu raforku og notendur hafa ekki möguleika á að leita hagkvæmari leiða líkt og við kaup á orkunni sjálfri. Samtökin hafa ávallt lagt áherslu á að aðhald í rekstri flutningskerfisins er afar mikilvægt fyrir alla orkunotendur og er nefndin beðin um að hafa það einnig í huga.

Líkt og í öllum stærri verkefnum telja samtökin að lega og gerð raflína eigi að ráðast af hagkvæmni sem og mati á umhverfisáhrifum á hverjum stað og tíma. Í vissum tilvikum getur lagning í jörð verið ákjósanleg með tilliti til umhverfisáhrifa en skoða þarf einnig jarðrask, vegagerð og rask vegna viðgerða, einkum þegar farið er um ósnortið land. Einnig þarf að huga að öryggi því viðgerðartími er lengri. Væntingar standa til að nefndin skýri þessa mynd og hjálpi þannig til við upplýsta umræðu um málið.

Mörg brýn verkefni bíða í flutningskerfinu s.s. að efla byggðarlínuna, styrkja flutningskerfið og tryggja afhendingaröryggi á ýmsum stöðum. Styrking kerfisins mun bæta nýtni raforkukerfisins í heild sinni. Fjármunir eru af skörnum skammti og meta þarf hvernig þeim er best varið. Því er beint til nefndarinnar að horfa á málið út frá heildarmyndinni en ekki skoða það sem einangrað mál.

Samtökin eru tilbúin til að fara nánar yfir sjónarmið sín með nefndinni sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Bryndís Skúladóttir  
forstöðumaður umhverfismála